

# Deloitte.



*Skattamál*  
2004/2005

# Skattlagning einstaklinga

## I. Tekjuskattur og útsvar

Staðgreiðsla 2004 (tekjusk. 25,75% + útsvar 12,83%) .....	38,58%
Staðgreiðsla 2005 (tekjusk. 24,75% + útsvar 12,98%) .....	37,73%
Fjármagnstekjuskattur .....	10,00%
Staðgreiðsla barna yngri en 16 ára 2004, af tekjum umfram 93.325 kr. (árið 2005 96.125 kr.) (tekjuskattur 4% + útsvar 2%) .....	6,00%
Sérstakur tekjuskattur (hátekjuskattur) vegna tekna ársins 2004 .....	4,00%
Sérstakur tekjuskattur (hátekjuskattur) vegna tekna ársins 2005 .....	2,00%

Tekjumörk sérstaks tekjuskatts tekjuárin 2004 og 2005 eru 4.191.686 kr. hjá einstaklingum, en 8.383.372 kr. hjá hjónum.

Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra 2004 ..... 5.738 kr.  
Gjaldið er lagt á alla á aldrinum 16-69 ára, sem eru með tekjur yfir skattleysismörkum, þ.e.a.s. 855.231 kr. á árinu 2004.

## II. Frádráttur frá tekjum

### 1. PERSÓNUAFSLÁTTUR

Tekjuárið 2004 (27.496 kr. á mánuði) .....	329.948 kr.
Tekjuárið 2005 (28.321 kr. á mánuði) .....	339.846 kr.

Heimilt er að millifæra persónuafslátt milli hjóna og sambúðarfólks að fullu. Börn innan 16 ára njóta ekki persónuafsláttar. Eftirlifandi maki getur nýtt persónuafslátt hins látna í níu mánuði eftir andlát, sjá nánar í kafla III um eignarskatt.

Skattleysismörk tekjuárið 2005 eru 900.732 kr.

### 2. SJÓMANNAAFSLÁTTUR

Á dag tekjuárið 2004 .....	746 kr.
Á dag tekjuárið 2005 .....	768 kr.

### 3. IÐGJÖLD TIL LÍFEYRISSJÓÐA

Heimilt er að halda utan staðgreiðslu 4% af heildarlaunum, sem greidd hafa verið til lífeyrissjóða sem starfa samkvæmt lögum. Auk þess er heimilt að halda utan staðgreiðslu allt að 4% af heildarlaunum vegna viðbótartryggingarverndar að fullnægðum ákveðnum skilyrðum laga.

### 4. FRÁDRÁTTUR Á MÓTI ÖKUTÆKJASTYRK

Frá ökutækjastyrk, sem launþegi hefur fært til tekna, skal leyfa sem frádrátt sannanlegan rekstrarkostnað sem starfsmaður hefur borið vegna rekstrar ökutækis. Til frádráttar er því leyfður sá hluti af heildarrekstrarkostnaði bifreiðarinnar sem svarar til afnota hennar í þágu launagreiðanda. Aldrei leyfist þó hærri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur. Krafa er gerð um að haldin sé akstursdagbók eða akstursskýrsla,

þar sem skráð hefur verið hver ferð fyrir launagreiðanda, ekin vegalengd og aksturserindi. Sé akstur ekki umfram 2000 km á ári er ekki þörf á að sundurliða rekstrarkostnað bifreiðarinnar.

## 5. FRÁDRÁTTUR Á MÓTI DAGPENINGUM

Dagpeningar eru greiddir vegna tilfallandi ferðalaga launþega á vegum launagreiðanda utan fasts samningsbundins vinnustaðar og er þeim ætlað að standa undir kostnaði launþegans vegna fjarveru frá heimili sínu, annars vegar vegna gistikostnaðar ef um hann er að ræða, og hins vegar vegna fæðisкупа og annars tilfallandi kostnaðar sem af ferðinni hlýst. Á móti fengnum dagpeningum er launamönnum heimilt að færa frádrátt samkvæmt nánari reglum sem fjármálaráðherra setur.

Leyfilegur frádráttur frá greiddum dagpeningum innanlands á árinu 2004:

	jan-apr	maí-sept	okt-des
Gisting og fæði í sólarhring	13.100 kr.	15.700 kr.	13.100 kr.
Gisting í eina nótt	7.700 kr.	10.200 kr.	7.500 kr.
Fæði fyrir heilan dag (minnst 10 klst ferðalag)	5.400 kr.	5.500 kr.	5.600 kr.
Fæði í hálfan dag (minnst 6 klst ferðalag)	2.700 kr.	2.750 kr.	2.800 kr.

Leyfilegur frádráttur frá greiddum dagpeningum erlendis 2004 í SDR:

	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar náms o.fl.	
	Gisting	Annað	Gisting	Annað
London, New York borg, Washington DC og Tókýó	145	110	93	70
Annars staðar	110	100	70	64

## 6. FJÁRFESTING Í HLUTABRÉFUM Á ÁRUNUM 1999-2002

Veittur var frádráttur frá tekjuskattsstofni vegna kaupa á hlutabréfum á árunum 1999-2002. Frádrátturinn var háður því skilyrði að menn ættu viðkomandi hlutabréf yfir fimm áramót og gerðu árlega grein fyrir eignarhaldi þeirra. Selji maður bréfin innan lögbundins eignarhaldstíma færast nýttur frádráttur til tekna á söluári, nema keypt séu önnur bréf innan 30 daga frá söluári.

## III. Sérreglur um eignatekjur

### 1. ALMENNT UM FJÁRMAGNSTEKJUSKATT

10% fjármagnstekjuskattur leggst á allar fjármagnstekjur manna utan atvinnurekstrar, svo sem vexti, verðbætur, afföll, gengishagnað, arð af hlutabréfum og stofnsjóðum, leigutekjur og skattskyldan hagnað af sölu eigna. Fjármálastofnunum ber að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila til ríkissjóðs. Félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila og samvinnufélögum ber að draga staðgreiðslu af arði sem þau greiða eða úthluta félagsmönnum sínum og skila í ríkissjóð. Aðrar greiðslur er mynda stofn til fjármagnstekna einstaklinga eru lagðar á við álagningu næsta ár á eftir tekjuári.

## 2. LEIGUTEKJUR

Frá leigutekjum af íbúðarhúsnæði, sem ekki tengist atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, er heimilt að draga greidd húsaleigugjöld af íbúðarhúsnæði til eigin nota. Frádráttur þessi leyfist eingöngu til frádráttar leigutekjum af íbúðarhúsnæði sem ætlað er til eigin nota en er tímabundið til útleigu.

Útleiga manns á íbúðarhúsnæði telst ekki til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi nema heildarfyrningargrunnur slíks húsnæðis í eigu hans í árslok nemi 29.324.700 kr. eða meira ef um einstakling er að ræða, en 58.649.400 kr. ef hjón eiga í hlut.

## 3. SÖLUHAGNAÐUR AF HLUTABRÉFUM ÁRIÐ 2004

Greiða skal 10% fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði hlutabréfa. Söluhagnaður hlutabréfa er mismunur á söluverði og kaupverði.

Kaupverð hlutabréfa sem skattaðili hefur eignast fyrir 1. janúar 1997 má ákvarða á tvenns konar hátt:

- 1) jöfnunarverðmæti hinna seldu hluta í árslok 1996
- 2) upphaflegt kaupverð hinna seldu hluta framreiknað til ársloka 1996

## IV. Eignarskattur

Eignarskattsstofn m.v. 31.12.2004

Af fyrstu 4.983.140 kr. (9.966.280 kr. hjá hjónum) .....0,0%

Af stofni yfir 4.983.140 kr. (9.966.280 kr. hjá hjónum) .....0,6%

Sitji eftirlifandi maki í óskiptu búi reiknast eignarskattur eins og hjá hjónum í fimm ár eftir lát maka. Eftirlifandi maka er heimilt að telja fram allar tekjur sínar og hins látna maka sem hjón í allt að níu mánuði frá og með andlátsmánuði makans. Fer þá um álagningu tekjuskatts og ákvörðun persónuafsláttar samkvæmt því.

Heimilt er mönnum að draga frá eignum sínum bankainnistæður svo og verðbréf, sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum, markaðsverðbréf og skuldaviðurkenningar, sem gefnar eru út af ríkissjóði, að því marki sem eignir þessar eru umfram skuldir og tengjast ekki atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Heimilt er að færa niður verð bifreiða einstaklinga sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri um 10% frá því verði sem þær voru taldar fram til eigna á framtali 2004. Bifreiðir sem keyptar voru á árinu 2004 færast á kaupverði, niðurfærsla er ekki heimil á kaupári bifreiðar.

Eignarskattur verður lagður af frá og með 31.12.2005. Sjá nánari umfjöllun í kaflanum um skattabreytingar sem taka gildi rekstrarárið 2005 eða síðar.

## V. Bætur

### 1. VAXTABÆTUR

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta á árinu 2005 (vaxtagjöld ársins 2004) geta ekki orðið hærri en sem nemur 5,5% af skuldum, sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota, eins og þær eru í árslok.

Vaxtabætur ákvarðast þannig að frá vaxtagjöldum skal dregin fjárhæð sem svarar 6% af tekjuskattsstofni og fjármagnstekjum. Vaxtabætur skerðast hlutfallslega fari eignir að frádregnum skuldum fram úr 3.721.542 kr. hjá einstaklingi og einstæðum foreldrum og 6.169.097 kr. hjá hjónum uns þær falla niður við 60% hærri fjárhæð. Fjárhæð vaxtabóta vegna vaxtagjalda á árinu 2004 skulu ákvarðast 95% (var 90% árið 2003) af ofangreindum útreikningi vaxtabóta.

Hámark	2004		2005	
	Vaxtagjöld	Vaxtabætur	Vaxtagjöld	Vaxtabætur
Einstaklingur	480.371 kr.	164.603 kr.	494.782 kr.	161.064 kr.
Einstætt foreldri	630.626 kr.	211.691 kr.	649.544 kr.	207.140 kr.
Hjón og samb.fólk	780.878 kr.	272.206 kr.	804.304 kr.	266.353 kr.

### 2. BARNABÆTUR

Barnabætur eru greiddar vegna hvers barns innan 16 ára aldurs (f. 1989 eða síðar)

	2004		2005	
	Hjón/ samb.fólk	Einst. foreldrar	Hjón/ samb.fólk	Einst. foreldrar
Með fyrsta barni	123.254 kr.	205.288 kr.	126.952 kr.	211.447 kr.
Með hverju barni umfram eitt	146.713 kr.	210.584 kr.	151.114 kr.	216.902 kr.
*Hækkun vegna barna yngri en 7 ára	36.308 kr.	36.308 kr.	37.397 kr.	37.397 kr.

Skerðingarmörk sameiginlegs tekjuskattsstofns hjóna er 1.487.463 kr. og einstæðra foreldra 743.732 kr. Hlutföll skerðingar eru 3% með einu barni, 7% með tveimur börnum og 9% með þremur börnum eða fleirum. \*Þessi hluti barnabóta er ekki tekjutengdur.

# Atvinnurekstur

## I. Opinber gjöld

## Stofn

<b>1. Tekjuskattur lögaðila vegna áraanna 2004 og 2005</b>		<b>Hreinar tekjur</b>
Félög með takmarkaða ábyrgð og samvinnufélög	18%	
Aðrir lögaðilar .....	26%	
<b>2. Eignarskattur lögaðila vegna ársins 2004.....</b>	<b>0,6%</b>	<b>Hrein eign</b>
<b>3. Búnaðargjald .....</b>	<b>2,00%</b>	<b>Velta búvöru og tengdrar þjónustu búvöruframleiðenda</b>
<b>4. Iðnaðarmálagjald .....</b>	<b>0,08%</b>	<b>Heildarvelta</b>

### 5. Tryggingagjald/Markaðsgjald

Mótframlag launagreiðenda til lífeyrissjóðs telst með stofni til tryggingagjalds. Til tryggingagjaldsskyldra hlunninda telst meðal annars fæði, húsnæði, fatnaður, bifreiðaafnot o.þ.h. en þau skulu reikna til gjaldstofns á sama verði og þau eru metin til tekna samkvæmt skattmati fjármálaráðherra. Greiðslur launagreiðenda vegna fæðingarorlofs mynda ekki stofn til tryggingagjalds.

Tryggingagjald að meðtöldu markaðsgjaldi og ábyrgðargjaldi atvinnurekenda:

### Hlutfall tryggingagjalds af stofni tekjuárin 2004 og 2005

Almennt gjaldstig .....	5,73%
Laun sjómanna.....	6,38%

Ef reiknað endurgjald eða greidd vinnulaun, þ.m.t. dagpeningagreiðslur, ökutækjastyrkir, fæðishlunnindi o.þ.h. launagreiðslur í fríðu, til annarra ná ekki 504.000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að greiða tryggingagjald með einni greiðslu í lok árs í stað mánaðarlegra greiðslna.

## II. Afskriftarhlutföll og fyrningar

### Árið 2004

Skip, skipsbúnaður og fólksbifreiðar fyrir færri en 9 menn aðrar en leigubifreiðar .....	10 - 20%
Loftför og fylgihlutir .....	10 - 20%
Verksmiðjuvélar, iðnaðarvélar og tæki .....	10 - 30%
Skrifstofuáhöld og -tæki .....	20 - 35%
Vélar, tæki, bifreiðar og annað lausafé, sem ekki fellur undir ofangreint .....	20 - 35%
Íbúðarhúsnæði, skrifstofu- og verslunarbyggingar .....	1 - 3%
Verksmiðju- og verkstæðisbyggingar o.fl. ....	3 - 6%

Gróðurhús, bryggjur og plön þeim tengd .....	6 - 8%
Borholur, raflínur og óvaranlegar vinnubúðir .....	7,5 - 10%
Keyptur eignarréttur að hugverkum og auðkennum .....	15 - 20%
Keypt viðskiptavild .....	10 - 20%

Lausafjármunir, þ.m.t. skip, loftför, bifreiðar, vélar og tæki, eru afskrifaðir samkvæmt stíglækkandi fyrningum. Það felur í sér að fyrningarstofn eignarinnar er bókfært verð hennar, þ.e. stofnverð hennar að frádregnum áður fengnum fyrningum.

Mannvirki, eyðanleg náttúruauðæfi, keypt viðskiptavild og keyptur eignarréttur að hugverkum og auðkennum eru afskrifuð samkvæmt línulegri fyrningu. Þá er fyrningarstofn eignarinnar upphaflegt kaupverð hennar.

Fyrningartími eigna hefst við byrjun þess rekstrarárs þegar þær eru fyrst nýttar við öflun tekna. Ekki er heimilt að fyrna eign á því rekstrarári þegar nýtingu hennar lýkur vegna sölu eða af öðrum ástæðum, þar með talið ef eign verður ónothæf, nema söluverð eða annað andvirði sé lægra en eftirstöðvar fyrningarverðs. Er þá heimilt að gjaldfæra mismuninn. Mannvirki og lausafé, þ.m.t. skip, loftför, bifreiðar, vélar og tæki, má aldrei fyrna meira en svo að ávallt standi eftir sem niðurlagsverð eignar 10% af stofnverði hennar.

Stofnkostnað við kaup á réttindum sem ekki rýrna vegna notkunar, þ.á.m. aflaheimildir, er ekki heimilt að fyrna. Verðmæti slíkra réttinda er ekki heimilt að færa til frádráttar skattskyldum tekjum.

Stofnkostnað, svo sem kostnað við skráningu fyrirtækis og öflun atvinnurekstrarleyfa, svo og kostnað við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir og öflun einkaleyfis og vörumerkja, er heimilt að færa niður á því ári sem viðkomandi eign myndast eða með jöfnum fjárhæðum á fimm árum.

### III. Önnur atriði

Heimil gjaldfærsla rekstrarfjármuna er að hámarki 250.000 kr. Heimil niðurfærsla útistandandi viðskiptakrafna tengdum rekstri er 5% af matsverði.

Heimil niðurfærsla vörubirgða er allt að 5% af matsverði. Gjaldldagi fjármagnstekjuskatts er 15. janúar ár hvert en eindagi 30. janúar. Eftir þann dag reiknast álag og dráttarvextir.

#### ■ ARÐSTEKJUR HLUTAFÉLAGA

Hlutafélögum og einkahlutafélögum er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum móttækinn arð sem þau fá úthlutað frá hlutafélögum og einkahlutafélögum. Hið sama gildir um móttækinn arð erlendis frá hafi hagnaður hlutafélagsins sem verið er að úthluta verið skattlagður með svipuðum hætti og gert er hér á landi. Skilyrði er að skatthlutfall sem lagt er á hagnað hins erlenda félags sé eigi lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja OECD.

## ■ SAMSKÖTTUN HLUTAFÉLAGA

Skattstjóri getur heimilað að tvö eða fleiri hlutafélög séu skattlögð saman. Skilyrði samsköttunar eru að móðurfélag eigi a.m.k. 90% hlutfjár í dótturfélagi, öll hlutafélögin hafi sama reikningsár, eignarhald hafi varað allt reikningsárið, nema þegar um stofnun eða slit á dótturfélagi er að ræða, og að samsköttunin standi að lágmarki í fimm ár.

## ■ EFTIRSTÖÐVAR REKSTRARTAPA

Frá skattskyldum tekjum á rekstrarárinu 2004 (framtal 2005) er heimilt að draga eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu árum, enda hafi ekki orðið veruleg breyting á þeim rekstri eða starfsemi sem í hlut á.

## ■ REIKNAD ENDURGJALD

Maður sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal reikna sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starfið en hann hefði haft sem laun fyrir það hjá óskyldum eða ótengdum aðila. Sama gildir um vinnu maka manns og barna þeirra fyrir vinnu sem þau inna af hendi við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans. Á sama hátt skal maður reikna sér til tekna sem reiknað endurgjald, mismun á greiddum launum fyrir vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum eða við atvinnurekstur lögaðila og reiknuðu endurgjaldi sem honum hefði borið að reikna sér, hefði starfið verið innt af hendi við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eins og greinir hér að framan, enda teljist hann hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Á sama hátt skal reikna endurgjald fyrir starf sem maki manns, barn hans, venslamaður hans eða nákominn ættingi innir af hendi fyrir framangreinda aðila. Við upphaf hvers árs setur fjármálaráðherra, að fengnum tillögum ríkisskattstjóra, reglur til viðmiðunar fyrir reiknað endurgjald fyrir slík störf einstaklinga. Viðmiðunarfjárhæðir fyrir lágmark reiknaðs endurgjalds eru ákveðnar með hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf. Reglurnar má nálgast á vef ríkisskattstjóra: <http://www.rsk.is>.

## Visiðulur/Verðbreytingastuðull

	Jan 2004	Jan 2005	Breyting
Byggingarvísitala	287,8	304,7	5,87%
Lánskjaravísitala	4541	4719	3,92%
Neysluvísitala til verðtryggingar	230,0	239,0	3,91%

Almennt um skattabreytingar sem taka gildi rekstrarárið 2005 eða síðar

## ■ TEKJUSKATTUR EINSTAKLINGA

Við staðgreiðslu vegna tekna ársins 2005 er tekjuskattur 24,75% af tekjuskattstofni.

Við staðgreiðslu vegna tekna ársins 2006 er tekjuskattur 23,75% af tekjuskattstofni.

Við staðgreiðslu vegna tekna ársins 2007 er tekjuskattur 21,75% af tekjuskattstofni.



## ■ ÝMSAR FJÁRHÆÐIR HÆKKA

Sjómannaafsláttur, viðmiðunarfjárhæðir eignarskatts og vaxtabætur hækka um 3%, sú hækkan kemur til framkvæmda við álagningu 2005. Persónuafsláttur hækkaði um 3% 1. janúar 2005. Hann mun hækka aftur um 2,5% ári síðar og loks um 2,25% 1. janúar 2007.

## ■ BARNABÆTUR

Við ákvörðun barnabóta á árinu 2005 hækka barnabætur og viðmiðunarmörk tekna vegna tekjutengdra barnabóta, um 3%.

Við ákvörðun barnabóta á árinu 2006 hækka tekjutengdar barnabætur um 10%.

Við ákvörðun barnabóta á árunum 2006 og 2007 hækka ótekjutengdar barnabætur um samtals 50%.

Við ákvörðun barnabóta á árunum 2006 og 2007 hækka viðmiðunarmörk tekna vegna tekjutengdra barnabóta um samtals 50%.

Við ákvörðun barnabóta á árinu 2007 lækka skerðingarhlutföll tekna úr 3% í 2% með einu barni, úr 7% í 6% með öðru barni og loks úr 9% í 8% með þriðja barni.

## ■ VAXTABÆTUR

Vaxtabætur vegna vaxtagjalda á árinu 2004 verða 95% af útreiknuðum vaxtabótum á álagningarárinu 2005. Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta á árinu 2005 (vaxtagjöld á árinu 2004) geta ekki orðið hærri en sem nemur 5,5% (5% á árinu 2006) af skuldum, sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota, eins og þær eru í árslok.

## ■ NIÐURFELLING EIGNARSKATTS OG BREYTING Á HEITI LAGA UM TEKJUSKATT OG EIGNARSKATT

Frá og með 31. desember 2005 fellur niður eignarskattur einstaklinga og lögaðila og í kjölfarið breytist heiti laga um tekjuskatt og eignarskatt í lög um tekjuskatt. Álagning eignarskatts á nettóeignir einstaklinga og lögaðila í árslok 2004 verður með óbreyttu sniði á árinu 2005. Breytingin mun fyrst hafa áhrif á árinu 2006, en þá mun engin álagning eignarskatts eiga sér stað. Framtalsskylda eigna og skulda verður þó áfram við lýði.

## ■ ERFÐAFJÁRSKATTUR

Frá og með 1. apríl 2004 greiða allir erfingjar 5% erfðafjárskatt. Frá sama tíma er erfðafjárskattstofninn heildarverðmæti allra fjárhagslegra verðmæta og eigna sem liggja fyrir við andlát arfleifanda að frádregnum skuldum og kostnaði.

## ■ ANNAD

Hafi skattaðili annað reikningsár en almanaksárið skal skattstjóri nú senda honum tilkynningu með ábyrgðarbréfi um að álagningu sé lokið svo og hvar og hvenær álagningarskrá liggja frammi. Þá skal skattstjóri birta álagninguna í næstu útgáfu á álagningar- og skattskrá.

Sparisjóðum er nú heimil samsköttun með dótturfélögum, að uppfylltum nánari skilyrðum um samsköttun.

Eftir 30. júní 2005 verður hætt að innheimta fast gjald þungaskatts. Í stað þungaskattsins kemur sérstakt olíugjald sem lagt er á hvern keyptan lítra af olíu. Einungis ökutæki og vagnar yfir 10 tonn að heildarþyngd munu auk olíugjalds greiða kílómetragjald.

## Gengi

### (opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands)

	Kaup	Sala	Kaup	Sala	Breytingar miðað við sölugengi
USD	31.12.04 61,04	31.12.04 61,34	31.12.03 70,99	31.12.03 71,33	-14,01%
GBP	117,86	118,44	126,38	127,00	-6,74%
DKK	11,192	11,258	12,021	12,091	-6,89%
NOK	10,105	10,165	10,654	10,716	-5,14%
SEK	9,231	9,285	9,86	9,918	-6,38%
CHF	53,95	54,25	57,41	57,73	-6,03%
CAD	50,6	50,9	54,94	55,26	-7,89%
JPY	0,5952	0,5986	0,6637	0,6675	-10,32%
SDR	94,76	95,32	105,43	106,05	-10,12%
EUR	83,28	83,74	89,51	90,01	-6,97%

Deloitte hf. er hluti Deloitte Touche Tohmatsu, sem er eitt af fremstu fyrirtækjum í heimi á sviði endurskoðunar og ráðgjafar. Á alþjóðavísu starfa um 120.000 manns í nálægt 150 löndum hjá Deloitte með það að markmiði að leiða viðskiptavinum sínum til forystu. Á Íslandi starfa um 190 manns á 10 skrifstofum hjá Deloitte, auk samstarfsaðila. Fyrirtækið býður einstaklingum og fyrirtækjum viðtæka þjónustu og ráðgjöf á sviði fyrirtækjareksturs, m.a. endurskoðun, bókhaldsþjónustu, skattaráðgjöf og áhættustýringu.

## Skrifstofur og samstarfsaðilar

Reykjavík - sími: 580-3000, Stórhöfði 23

Akranes	sími: 431-3911
Akureyri	sími: 462-3811
Bolungarvík	sími: 450-7900
Egilsstaðir	sími: 471-2560
Grundarfjörður	sími: 438-6896
Ísafjörður	sími: 456-4066
Neskaupstaður	sími: 477-1790
Reykjanesbær	sími: 420-7700
Sauðárkrúkur	sími: 453-6000
Siglufjörður	sími: 467-1805
Snæfellsbær	sími: 430-1600
Vestmannaeyjar	sími: 488-6000

Vefsíða:  
<http://www.deloitte.is>

Upplýsingar þær sem fram koma í bæklingi þessum eru unnar upp úr gildandi lögum og reglum í upphafi árs 2005. Upplýsingarnar eru almenns eðlis og er ekki ætlað að vera tæmandi upplýsingagjöf. Við hvetjum þig til að leita faglegrar aðstoðar við úrlausn skattamála.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Deloitte hf. Þar er meðal annars hægt að finna útgefnar skýrslur og erindi um ýmis mál af vettvangi skattaréttar.

**Deloitte.**